

Dagskrá fundarins og afgreiðsla:

Mætt á fund voru Erla Jónsdóttir, Bjarney Jónsdóttir, Vignir Sveinsson, Kristján Steinar Kristjánsson og Magnús Björnsson. Erla stjórnaði fundi.

1. Fjárhagsáætlun 2023 -síðari umræða

Umræður urðu um fjárhagsáætlun, útsvarsprósenta ákvörðuð 14,52%, niðurstöður reksturs 2023 áætlaður neikvæður 46,4 milljónir, fjárfesting í A sjóði er áætluð 5 milljónir. Gert er ráð fyrir að verkefni varðandi lýsingu heimreiða fari í gegnum Fjarskiptafélag Skagabyggðar en á móti komi styrkur frá A-sjóði sem áætlaður er 26,5 milljónir. Í áætlunum fyrir árin 2024-2026 er gert fyrir rekstrarhalla öll árin á bilinu 13,8 til 16,8 milljónir á ári.

2. Úrgangsmál

Umræður urðu um íbúafundinn, þar sem áhugi var að halda áfram að sækja blandaðan heimilisúrgang og annan flokk í leiðinni, ýmist plast eða pappa. Samþykkt er að sveitarfélagið muni hafa milligöngu um moltugerðartunnu fyrir þá sem þess óska.

3. Byggðasamlög

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ósk Húnabyggðar að slíta byggðarsamlögum um tónlistarskóla og félags- og skólamál. Vísar sveitarstjórn til sveitarstjórnarlaga gr. 95 um úrgöngu úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags, taki því slitin gildi 1. Janúar 2025. Sveitarstjórn áskilur sér endurskoðunarrétt á þeim tímafresti komi ásættanleg tillaga frá Húnabyggð um frágang allra mála innan þess tíma.

4. Málefni barnaverndar

Framlögð voru drög að 2 leiðum við samning um málefni fatlaðs fólks, sveitarstjórn er tilbúin að samþykka hvora leiðina sem er og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn um Umdæmisráð landsbyggða fyrir hönd sveitarfélagsins. Þannig samþykkt samhljóða.

Samningur um barnaverndarþjónustu á mið-norðurlandi, samþykkt er að vinna að sameiginlegum samningi um barnaverndarþjónustu ásamt Sveitarfélaginu Skagaströnd, Húnabyggð, Húnaþingi vestra, Skagafirði, Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð þar sem Skagafjörður yrði leiðandi sveitarfélag og er Erlu Jónsdóttir veitt umboð til þess að ganga frá slíkum samningi til afgreiðslu. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að veita félagsmálastjóra og starfsmönnum barnaverndar fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála frá og með 1. Janúar 2023.

5. Húsnæðisáætlun

Framlögð húsnæðisáætlun, borin upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt samhljóða

6. Siðareglur Skagabyggðar

Sveitarstjórn undirritaði reglurnar.

7. Lýsing heimreiða

Samþykkt að Oddviti vinni málið áfram.

8. Lausaganga búfjár

Sveitarstjórn vill höfða til samvisku íbúa og þeir tryggja að búfénaður sé ekki á vegsvæði Skagavegar.

9. Málefni fatlaðs fólks

Framlagður samningur um málefni fatlaðs fólks borinn upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykktur samhljóða, oddvita falið að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

10. Bréf

- a. Styrkbeiðni USAH fyrir árið 2023, erindi samþykkt.
- b. Jón Helgi Sigurgeirsson, erindi samþykkt
- c. Elín S. Sigurðardóttir – Heimilisiðnaðarsafnið Samþykkt að veita 200P styrk
- d. Styrkbeiðni Erna Högnadóttir v/Kvenfélagið Hekla samþykkt að veita 120P styrk
- e. Sólveig H Benjamínsdóttir Byggðasafn Húnavetninga og strandamanna.
Samþykkt að halda samstarfinu áfram.

11. Fundargerðir

- a. Fundargerð 915. fundar Samband íslenskra sveitarfélaga, Til kynningar
- b. Fundargerð 86. fundar SSNV 1. nóvember 2022, Til kynningar
- c. Fundargerð 87. fundar SSNV 6. desember 2022, Til kynningar
- d. Fundargerð í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún 14.11.2022
Samþykkt að skipa Erlu Jónsdóttur sem fulltrúa í Félagsmannaráð.

11. Önnur mál

- a.) Umræður um Grænbók um sveitarstjórnarmál, samþykkt að oddviti sendi inn umsögn

Ekki fleira gert og fundi slitið 16:10